

50 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um embættisvald biskups.* — Eptir þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, 28. september f. á., hefir biskupinn yfir Íslandi spurzt fyrir um, hvort rjettur landshöfðingja til að veita embættismönnum ferðaleyfi samkvæmt 4. grein auglýsingarinnar frá 22. febrúar 1875 eigi, að því er snertir andlegrar stjettar menn, að skiljast um leyfi til að ferðast af landi burt, eða einnig um ferðir milli prófastsdæma og amta í landinu sjálfu, hvort landshöfðinginn eigi eptir tilvitnaðri grein að setja presta til að þjóna braudum, er þau losna, eða prestum, er braudi þjóna, er veitt ferðaleyfi, og hvort biskupinn hafi enn vald til að setja og skipa hjeradsprófasta.

Um leið og þjer leggið þessar spurningar undir úrslit ráðgjafans, herra landshöfðingi, látið þjer í ljósi, að þjer fáíð eigi betur sjeð, en að um vald til að veita embættismönnum ferðaleyfi hljóti að gilda sama regla, hvort sem andlegrar stjettar menn eiga í hlut eða veraldlegrar, og að hjer að lútandi ákvörðun í 4. grein nefndrar auglýsingar muni einkum, ef eigi eingöngu, eiga við um orlof til að ferðast af landi burt, er áður þurfti til leyfi ráðgjafans, en að hin eldri fyrirmæli um ferðalög innan takmarka prófastsdæmisins, amtsins eða stiptisins muni ósnortin af henni, og álítið þjer auk þess sjálfsgagt, að sá, sem sje fengið vald til að veita ferðaleyfi, verði og að hafa eptirlit á, að fullnøgt sje skilyrðunum fyrir því, einkum að sjeð sje um, að embættinu sje viðunanlega þjónað meðan embættismaðurinn er burtu; valdið til að setja menn í embætti á ábyrgð hlutaeigandi embættismanns meðan hann er í burtu hljóti því að fylgja valdinu til að veita ferðaleyfi. Að því er snertir spurninguna um, að setja menn í embætti, þegar þau eru laus, hafið þjer því næst tekið það fram, herra landshöfðingi, að orðatiltækin í 4. grein auglýsingarinnar þar að lútandi sjeu svo yfirgripsmikil, að þau taki vafalaust einnig yfir það, er brauð eru laus. Muni því fortakslaust eiga að beita þeirri ákvörðun, er setja skal menn í embætti í eiginlegum skilningi, en er fá skal einn eða fleiri nágrannapresta til að þjóna lausu braudi til bráðabirgða, virðist yður rjettast að láta hlutaeigandi prófast gjöra þær ráðstafanir, er á þarf að halda í því efni, með samþykki biskups, eins og við hefur gengizt að undanfögnu.

Að því er loks snertir skipun prófasta, hafið þjer, herra landshöfðingi, tekið fram, að auglýsing 22. febrúar 1875, er talar að eins um veitingu brauða, í 16. grein, snerti ekki beinlínis við valdinu til þess, er í instr. frá 1. júlí 1746, 22. gr., sje falið biskupnum, og að yður hafi eigi þótt ástæða til, að fara að reyna til að fá fram breytingu á reglunum um skipun prófasta, jafnvel þótt það kynni að virðast samkvæmara eðli hlutarins, eptir að landshöfðingjaembættið er komið á fót, og eptir verksviði því, er því er ákveðið, að skipun hjeradsprófasta væri falin landshöfðingja.

Út af þessu skal eigi látið undanfalla, að tjá yður þjónustusamlega, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að eins og ráðgjafinn fellst að öllu leyti á athugasemdir yðar um spurningar biskupsins um skilning á 4. grein í auglýsingu 22. febrúar 1875, eins er hann á sama máli um það, að engin ástæða sje til að fá fram breytingu á 22. gr. í instr. 1. júlí 1746.

51 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán til að afstýra hallæri.* Út af bænarskrá frá hreppsnefndinni í Álptaneshreppi um 3000 kr. lán úr viðlagasjóði til að afstýra hallæri þar í hreppnum í vetur og að vetri hafið þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi 5. desbr. f. á. getið þess, að sýslunefndin í Gullbringu-